$$\boxed{\bar{A}(\bar{r}) = \frac{\mu_0 I}{4\pi}\oint_{C'} \frac{d\bar{\ell}'}{|\bar{r}-\bar{r}'|}}$$

Segulflæðisviðið er þá

$$\bar{B}(\bar{r}) = \frac{\mu_0 I}{4\pi}\int_{C'} \bar{\nabla}\times\left(\frac{d\bar{\ell}'}{R}\right)$$

Notum

$$\bar{\nabla}\times(f\bar{G}) = f\bar{\nabla}\times\bar{G} + (\bar{\nabla}f)\times\bar{G}$$

og

$$\bar{\nabla}\left(\frac{1}{R}\right) = -\frac{\bar{R}}{R^3} = -\hat{a}_R\frac{1}{R^2}$$

einingarvigur frá $\bar{r}'$ til $\bar{r}$

(einnig er ljóst að $\overline{\nabla}\times d\bar{l}'=0$) því fæst lögmál Biot-Savart

$$\overline{B}(\bar{r})=\frac{\mu_0 I}{4\pi}\oint_{C'}\frac{d\bar{l}'\times\hat{a}_r}{|\bar{r}-\bar{r}'|^2}$$

Dæmi

Leiðarabútur með lengd 2L og straum I. Finna $\overline{A}$ í fjarlægð r frá miðjum vír



Leiðarinn heldur áfram, því erum við aðeins að finna $\overline{A}$ í punkti P vegna þessa búts

---

$d\bar{l}'=\hat{a}_z dz'$, sívalnings hnit eru þægilegust

$$R=\sqrt{(z')^2+r^2}$$

$$\rightarrow\ \overline{A}=\hat{a}_z\frac{\mu_0 I}{4\pi}\int_{-L}^{L}\frac{dz'}{\sqrt{(z')^2+r^2}}$$

$$=\hat{a}_z\frac{\mu_0 I}{4\pi}\left[\ln\left(z'+\sqrt{(z')^2+r^2}\right)\right]\Big|_{-L}^{L}$$

$$=\hat{a}_z\frac{\mu_0 I}{4\pi}\ln\left\{\frac{\sqrt{L^2+r^2}+L}{\sqrt{L^2+r^2}-L}\right\}$$

$\overline{B}$ má síðan reikna út frá

$$\overline{B}=\overline{\nabla}\times\overline{A}=\overline{\nabla}\times(\hat{a}_z A_z)=\hat{a}_r\frac{1}{r}\frac{\partial A_z}{\partial\phi}-\hat{a}_\phi\frac{\partial A_z}{\partial r}$$

þ.a.

$$\overline{B}=\hat{a}_\phi\frac{\mu_0 I L}{2\pi r\sqrt{L^2+r^2}}$$

eða nota Biot-Savart

$$\overline{B}(\bar{r})=\frac{\mu_0 I}{4\pi}\oint_{C'}\frac{d\bar{l}'\times\hat{a}_r}{R^2}=\frac{\mu_0 I}{4\pi}\oint_{C'}\frac{d\bar{l}'\times\overline{R}}{R^3}$$

með

$$\overline{R}=\hat{a}_r r-\hat{a}_z z',\quad d\bar{l}'\times\overline{R}=\hat{a}_z dz'\times(\hat{a}_r r-\hat{a}_z z')$$
$$=\hat{a}_\phi r\,dz'$$

og

$$\overline{B}=\hat{a}_\phi\frac{\mu_0 I}{4\pi}\int_{-L}^{L}\frac{r\,dz'}{((z')^2+r^2)^{3/2}}=\hat{a}_\phi\frac{\mu_0 I L}{2\pi r\sqrt{L^2+r^2}}$$

Segultvískaut

Straumlykkja, hringur með geisla b, í x-y-sléttu ber straum I



$$\overline{A}=\frac{\mu_0 I}{4\pi}\oint_{C'}\frac{d\bar{l}'}{R_1}$$

Síðar þegar við viljum skoða markgildið R>>b viljum við miða svæðið við fjarlægðina frá miðju straumlykkju R

$$d\bar{l}'=(-\hat{a}_x\sin\phi'+\hat{a}_y\cos\phi')\,b\,d\phi'$$

Við höfum fest tímabundið P yfir y-ásnum



Speglað um y-ás finnst samsvarandi $d\bar{\ell}'$ þ.a. y-þáttur þessara tveggja straumfryma styttist út í heildun

$$\rightarrow \quad \bar{A} = -\hat{a}_x \frac{\mu_0 I}{4\pi} \int_0^{2\pi} \frac{b \operatorname{Sin}\phi'}{R_1} d\phi'$$

Samhverfa gerir mögulegt að heilda helming bilsins og margfalda með 2. Eins er augljóst að almennur P gefi $\hat{a}_\phi$ í stað $-\hat{a}_x$

$$\rightarrow \quad \bar{A} = \hat{a}_\phi \frac{\mu_0 I b}{2\pi} \int_{-\pi/2}^{\pi/2} \frac{\operatorname{Sin}\phi'}{R_1} d\phi'$$

Cósínus regla gefur

$$R_1^2 = R^2 + b^2 - 2bR \operatorname{Cos}\psi$$

ofanvarpið í tveimur skrefum í stað eins

skoðun á mynd leiðir í ljós að

$$R \operatorname{Cos}\psi = R \operatorname{Cos}(\tfrac{\pi}{2}-\theta)\operatorname{Cos}(\tfrac{\pi}{2}-\phi') = R \operatorname{Sin}\theta \operatorname{Sin}\phi'$$

og

$$\frac{1}{R_1} = \frac{1}{R}\left(1 + \frac{b^2}{R^2} - \frac{2b}{R}\operatorname{Sin}\theta \operatorname{Sin}\phi'\right)^{-1/2}$$

Viljum reikna fjær-svið og setjum því $R^2 >> b^2$

$$\rightarrow \quad \frac{1}{R_1} \simeq \frac{1}{R}\left(1 - \frac{2b}{R}\operatorname{Sin}\theta \operatorname{Sin}\phi'\right)^{-1/2}$$

$$\simeq \frac{1}{R}\left(1 + \frac{b}{R}\operatorname{Sin}\theta \operatorname{Sin}\phi'\right)$$

því fæst

$$\bar{A} = \hat{a}_\phi \frac{\mu_0 I b}{2\pi R} \int_{-\pi/2}^{\pi/2} \left(1 + \frac{b}{R}\operatorname{Sin}\theta \operatorname{Sin}\phi'\right) \operatorname{Sin}\phi' \, d\phi'$$

$$= \hat{a}_\phi \frac{\mu_0 I b^2}{4R^2} \operatorname{Sin}\theta \qquad \text{þ. } R >> b$$

og $\bar{B} = \bar{\nabla} \times \bar{A}$ gefur

$$\bar{B} = \hat{a}_R \frac{1}{R \operatorname{Sin}\theta} \frac{\partial}{\partial\theta}(A_\phi \operatorname{Sin}\theta) - \hat{a}_\theta \frac{1}{R}\frac{\partial}{\partial R}(R A_\phi)$$

$$= \frac{\mu_0 I b^2}{4R^3}\left(\hat{a}_R 2\operatorname{Cos}\theta + \hat{a}_\theta \operatorname{Sin}\theta\right)$$

Heildið má leysa nákvæmlega án þess að nota $R >> b$ þá fæst

$$\bar{A} = \frac{\mu_0 I b}{\pi} \frac{1}{\sqrt{b^2 + R^2 + 2Rb \operatorname{Sin}\theta}} \left[\frac{(2-k^2)K(k) - 2E(k)}{k^2}\right]$$

$$k^2 = \frac{4bR \operatorname{Sin}\theta}{R^2 + b^2 + 2Rb \operatorname{Sin}\theta}$$

og K og E eru fullkomnu sporbaugsheildin

$$K(k) = \int_0^{\pi/2} \frac{da}{\sqrt{1 - k^2 \operatorname{Sin}^2 a}} \;, \qquad E(k) = \int_0^{\pi/2} \sqrt{1 - k^2 \operatorname{Sin}^2 a} \, da$$

Lausnin er einungis sett hér til þess að sýna að hún sé til í formi vel þekktra falla.

Skoðum aftur lausnina

$$\bar{A} = \hat{a}_\phi \, \frac{\mu_0 (I\pi b^2)}{4\pi R^2} \sin\theta$$

Ef skilgreint er tvískautssegulvægið

$$\bar{m} = \hat{a}_z I\pi b^2 = \hat{a}_z I S = \hat{a}_z m$$

Þá fæst

$$\boxed{\bar{A} = \frac{\mu_0 \, \bar{m} \times \hat{a}_R}{4\pi R^2}}$$



Sambærilegt við mættið frá raftvískauti

$$\boxed{V = \frac{\bar{p} \cdot \hat{a}_R}{4\pi\epsilon_0 R^2}}$$

Segulun og jafngildur straumþéttleiki

Í efni finnast segultvískaut. Þau geta raðast upp og leitt til segulunar M ← þéttleiki tvískautvægis

$$d\bar{m} = \bar{M} \, dv'$$

$$\rightarrow d\bar{A} = \mu_0 \frac{\bar{M} \times \hat{a}_R}{4\pi R^2} dv'$$

Er vigursviðið vegna segulvægis lítils rúmfrymis dv'

$$= \frac{\mu_0}{4\pi} \bar{M} \times \bar{\nabla}'\left(\frac{1}{R}\right) dv'$$

$$\rightarrow \bar{A} = \frac{\mu_0}{4\pi} \int_{V'} \bar{M} \times \bar{\nabla}'\left(\frac{1}{R}\right) dv'$$

Heildar vigursviðið frá efnisbútunum í V'

Notum vigurlíkinguna $\bar{\nabla} \times (f\bar{G}) = f\bar{\nabla} \times \bar{G} + (\bar{\nabla} f) \times \bar{G}$

$$\rightarrow \bar{M} \times \bar{\nabla}'\left(\frac{1}{R}\right) = \frac{1}{R} \bar{\nabla}' \times \bar{M} - \bar{\nabla}' \times \left(\frac{\bar{M}}{R}\right)$$

Þá fæst

$$\bar{A} = \frac{\mu_0}{4\pi} \int_{V'} \frac{\bar{\nabla}' \times \bar{M}}{R} dv' - \frac{\mu_0}{4\pi} \int_{V'} \bar{\nabla}' \times \left(\frac{\bar{M}}{R}\right) dv'$$

$$= \frac{\mu_0}{4\pi} \left\{ \int_{V'} \frac{\bar{\nabla}' \times \bar{M}}{R} dv' + \oint_{S'} \frac{\bar{M} \times \hat{a}_n'}{R} ds' \right\} \quad (*)$$

þ.s. við notuðum

$$\int_{V'} \bar{\nabla}' \times \bar{F} \, dv' = -\oint_{S'} \bar{F} \times d\bar{s}'$$

Útlit jöfnunnar segir okkur að í stað $\bar{M}$ sé hægt að skilgreina segulunarstraum þéttleika í rúmi og yfirborði þ.a.

$$\boxed{\bar{J}_m = \bar{\nabla} \times \bar{M} \, , \quad \bar{J}_{ms} = \bar{M} \times \hat{a}_n}$$

Dæmi



Finna segulflæðisviðið $\bar{B}$ á ás stangarseguls með geisla b og lengd L, og einsleita segulun

$$\bar{M} = \hat{a}_z M_0$$

Einsleit segulun $\rightarrow$ $\bar{J}_m = \bar{\nabla}' \times \bar{M} = 0$

Á hlið sívalningsins

$$\bar{J}_{ms} = \bar{M} \times \hat{a}_n' = (\hat{a}_z M_0) \times \hat{a}_r = \hat{a}_\phi M_0$$



Á endaflötunum er $\hat{a}_n'$ samsíða eða andsamsíða $\bar{M}$ $\rightarrow$ $\bar{J}_{ms} = 0$ á endum

Í Ex 6-6 er reiknað segulflæðisvið einnar straumlykkju á ás yfir henni miðri (líka gert í E-2)



$$\bar{B} = \hat{a}_z \frac{\mu_0 I b^2}{2(z^2+b^2)^{3/2}}$$

Nú erum við með sívalningsflöt með straumþéttleika frá hverjum hring á yfirborðinu með hæð dz' fast

$$d\bar{B} = \hat{a}_z \frac{\mu_0 \overbrace{(M_0 dz')}^{I \,=\, J_{ms} dz'} b^2}{2\left[(z-z')^2 + b^2\right]^{3/2}}$$

Nú heildum við yfir z'

$$\bar{B} = \hat{a}_z \int_0^L \frac{\mu_0 M_0 b^2 dz'}{2\left[(z-z')^2+b^2\right]^{3/2}}$$

$$= \hat{a}_z \frac{\mu_0 M_0}{2} \left\{ \frac{z}{\sqrt{z^2+b^2}} - \frac{z-L}{\sqrt{(z-L)^2+b^2}} \right\}$$

Nærri efni getur segulflæðisviðið $\bar{B}$ raðað upp tvískautum innan efnisins og/eða spanað strauma þ.a.

$$\frac{1}{\mu_0} \bar{\nabla} \times \bar{B} = \bar{J} + \bar{J}_m = \bar{J} + \bar{\nabla} \times \bar{M}$$

$$\rightarrow \bar{\nabla} \times \left(\frac{\bar{B}}{\mu_0} - \bar{M} \right) = \bar{J} \leftarrow \text{„frjáls straumur"}$$

Því er heppilegt að skilgreina segulsviðið $\bar{H}$ þ.a.

$$\boxed{\bar{H} = \frac{\bar{B}}{\mu_0} - \bar{M} \quad \rightarrow \quad \bar{\nabla} \times \bar{H} = \bar{J}}$$

Ef efni er línulegt gildir

$$\bar{M} = \chi_m \bar{H}$$

með χ_m segulviðtak

$$\boxed{\begin{aligned} \bar{B} &= \mu_0 (1 + \chi_m) \bar{H} \\ &= \mu_0 \mu_r \bar{H} \doteq \mu \bar{H} \end{aligned}}$$

$$\boxed{\mu_r = 1 + \chi_m = \frac{\mu}{\mu_0}}$$

samanburður

$\bar{E}$ — $\bar{B}$
$\bar{D}$ — $\bar{H}$
ϵ — $\frac{1}{\mu}$
$\bar{P}$ — $-\bar{M}$
ρ — $\bar{J}$
V — $\bar{A}$

Segulrásir

Hvernig flæða $\overline{B}$ og $\overline{H}$ um spennubreyta og fleiri segulrásir

Grunnjöfnur

$$\overline{\nabla}\cdot\overline{B} = 0$$

$$\overline{\nabla}\times\overline{H} = \overline{J}$$

(frjálsi straumurinn sem við viljum stjórna)

Heildisform

$$\oint_C \overline{H}\cdot d\overline{l} = NI = V_m$$

magneto-motive force „ístraumur"

Dæmi (um segulrás)



Kleinuhringur (hjólflötur) með geil

$2\pi r_0 >> l_g$, þversnið $S << \pi r_0^2$.

$S = \pi a^2$, $a << r_0$

Ekkert flæðistap út fyrir

$$\overline{B}_f = \overline{B}_g = \hat{a}_\phi B_f$$

í geil

í járni

$$\overline{H}_f = \hat{a}_\phi \frac{B_f}{\mu}$$

$$\overline{H}_g = \hat{a}_\phi \frac{B_f}{\mu_0}$$

en við höfum ekki reiknað þessar stærðir enn.

Við höfum aðeins tengt þær

Notum $\oint \overline{H}\cdot d\overline{l} = NI_0$

$$\Downarrow$$

$$\underbrace{\frac{B_f}{\mu}(2\pi r_0 - l_g)}_{\text{járn}} + \underbrace{\frac{B_f}{\mu_0} l_g}_{\text{geil}} = NI_0$$

$$\rightarrow \overline{B}_f = \hat{a}_\phi \frac{\mu_0 \mu N I_0}{\mu_0(2\pi r_0 - l_g) + \mu l_g}$$

$$\overline{H}_f = \hat{a}_\phi \frac{\mu_0 N I_0}{\mu_0(2\pi r_0 - l_g) + \mu l_g}$$

$$\overline{H}_g = \hat{a}_\phi \frac{\mu N I_0}{\mu_0(2\pi r_0 - l_g) + \mu l_g}$$

$$\frac{H_g}{H_f} = \frac{\mu}{\mu_0} \rightarrow$$ segulsviðið er miklu sterkara í geilinni

Um segulflæðið gildir hér

$$\Phi \simeq BS$$

$$\Phi = \frac{NI_0}{\frac{(2\pi r_0 - l_g)}{\mu S} + \frac{l_g}{\mu_0 S}} = \frac{V_m}{\mathcal{R}_f + \mathcal{R}_g}$$

þar sem

$$\mathcal{R}_f = \frac{l_f}{\mu S}, \quad l_f = 2\pi r_0 - l_g$$, Segulviðnám (reluctance)

Vídd $\mathcal{R}$ er (H^{-1})

$$\mathcal{R}_g = \frac{l_g}{\mu_0 S}$$

Φ í segulrásinni hefur sömu stöðu og I í rafrás, og μ hefur stöðu σ

Venjulega í járnseglandi efni tengjast $\overline{B}$ og $\overline{H}$ ólínulega (μ er ekki fasti....) því þarf að skoða þannig verkefni betur.

En hægt er að skrifa „Kirchhoffs"-reglur fyrir segulrásir

$$\boxed{\sum_j N_j I_j = \sum_k \mathcal{R}_k \Phi_k}$$

um lokaðan veg í segulrás er summa ístraumanna jöfn summu margfeldis segulflæðanna og segulviðnámanna

$$\boxed{\sum_j \Phi_j = 0}$$

jafngildir $\overline{\nabla}\cdot\overline{B} = 0$
B-flæðið er varðveitt

Seglandi efni

$$\mu_r = 1 + \chi_m$$

Mótseglandi $\mu_r \lesssim 1$, $\chi_m \lesssim 0$, (diamagnetic)

Meðseglandi $\mu_r \gtrsim 1$, $\chi_m \gtrsim 0$, (Paramagnetic)

Járnseglandi $\mu_r >> 1$, $\chi_m >> 1$, (Ferromagnetic)

{ Seglun er stórsæ afleiðing skammtafræðinnar. Jafnvel mótseglun er ekki hægt að lýsa með sígildri aflfræði }

Öll efni eru mótseglandi, en önnur hrif geta verið sterkari og falið hana

---

{ Járnseglun er vegna sterkrar skiptavíxlverkunar milli rafeinda }
↳ Óðul . . . . .

Segulheldni



Til eru enn flóknari hættir seglandi efnis. . .

$\mu(H)$, $B = \mu(H)H$

$$\frac{\bar{B}}{\mu_0} = \bar{H} + \bar{M}$$

Jaðarskilyrði segulsviðs

$$\bar{\nabla}\cdot\bar{B} = 0 \longrightarrow \boxed{B_{1n} = B_{2n}}$$ við skilflöt

$$\oint_C \bar{H}\cdot d\bar{l} = I \longrightarrow \boxed{\hat{a}_{n2}\times(\bar{H}_1 - \bar{H}_2) = \bar{J}_s}$$

↑ yfirborðsstraumur

$\bar{J}_s \neq 0$ er notaður einungis fyrir ofurleiðara og hugsaðan kjörleiðara með ofur góða leiðni ←

Gleymum ekki að við höfum lýst bol M með yfirborðsstraumi í stangarsegli

Ef $\bar{B}_1 = \mu_1\bar{H}_1$ og $\bar{B}_2 = \mu_2\bar{H}_2$ fæst

$$\mu_1 H_{1n} = \mu_2 H_{2n}$$

Span

Hugsum tvær straumlykkjur



I_1 leiðir til sviðs og flæðis í gegnum S_2

$$\Phi_{12} = \int_{S_2} \bar{B}\cdot d\bar{s}_2$$

Biot-Savart gefur að B_1 tengist I_1 línulega í tómarúmi

Setjum því

$$N_2\Phi_{12} = L_{12}I_1$$

Fastinn L_{12} er kallaður víxlspan. Oft er skilgreind flæðistengsl (flux linkage)

$$\Lambda_{12} = N_2\Phi_{12}$$

$$\rightarrow \Lambda_{12} = L_{12}I_1$$

og því

$$\boxed{L_{12} = \frac{\Lambda_{12}}{I_1}}$$

Í flóknara efni verður að notast við

$$\boxed{L_{12} = \frac{d\Lambda_{12}}{dI_1}}$$

Í hverri rás er einnig sjálfspan

$$\boxed{L_{11} = \frac{d\Lambda_{11}}{dI_1}}$$

Dæmi



þversnið



$$\bar{B} = \hat{a}_\phi B_\phi$$

$$d\bar{l} = \hat{a}_\phi r d\phi$$

B er fasti fyrir fast r, en breytist með r

$$\oint_C \bar{B}\cdot d\bar{l} = \int_0^{2\pi} B_\phi r d\phi = 2\pi r B_\phi$$

Nú gildir að

$$\oint_C \bar{B}\cdot d\bar{l} = \mu_0 NI$$

$$\rightarrow B_\phi = \frac{\mu_0 NI}{2\pi r}$$

$$\Phi = \int_S \bar{B}\cdot d\bar{s} = \int_S \left(\hat{a}_\phi \frac{\mu_0 NI}{2\pi r}\right)\cdot\left(\hat{a}_\phi h dr\right)$$

$$= \frac{\mu_0 NIh}{2\pi}\int_a^b \frac{dr}{r} = \mu_0\frac{NIh}{2\pi}\ln\left(\frac{b}{a}\right)$$

$$\Lambda = N\Phi = \mu_0\frac{N^2Ih}{2\pi}\ln\left(\frac{b}{a}\right)$$

$$\longrightarrow L = \frac{\Lambda}{I} = \frac{\mu_0 N^2 h}{2\pi}\ln\left(\frac{b}{a}\right)$$

Dæmi Samása kapall



Innan innri leiðara $0 \leq r \leq a$

Reiknað áður

$$\bar{B}_1 = \hat{a}_\phi \frac{\mu_0 r I}{2\pi a^2}$$

$$\rightarrow \bar{J} = \frac{I}{\pi a^2}\hat{a}_z$$

gert ráð fyrir jafnri straumdreifingu

Milli leiðara $a \leq r \leq b$

$$\bar{B}_2 = \hat{a}_\phi \frac{\mu_0 I}{2\pi r}$$

samhverfan (sívalnings) leyfir aðeins $\hat{a}_\phi$-þátt fyrir segulsviðið

Flæðið

Í innri leiðara $0 \leq r \leq a$ hugsum við okkur þunnan hring með þykkt dr



flæðið inni í þessum hring á einingarlengd í z-stefnu er (milli r og r+dr)

$$d\Phi_1' = \frac{\mu_0 I r dr}{2\pi a^2}$$

Innan geislans r flýtur aðeins hluti straumsins

$$I\left(\frac{r}{a}\right)^2$$

því eru flæðitengslin

$$d\Lambda_1' = \frac{\mu_0 I r dr}{2\pi a^2}\left(\frac{r}{a}\right)^2$$

og í heild fyrir innri leiðarann

$$\Lambda_1 = \frac{\mu_0 I}{2\pi a^4}\int_0^a r^3 dr = \frac{\mu_0 I}{8\pi}$$

$$\rightarrow \boxed{L_1 = \frac{\Lambda_1}{I} = \frac{\mu_0}{8\pi}}$$

Sjálfspan eins leiðara óháð a!

Milli leiðara $a \le r \le b$

$$d\Phi_2' = \frac{\mu_0 I\, dr}{2\pi r}$$

$$\rightarrow \Lambda_2' = \frac{\mu_0 I}{2\pi}\int_a^b \frac{dr}{r} = \frac{\mu_0 I}{2\pi}\ln\left(\frac{b}{a}\right)$$

$$\rightarrow L_2' = \frac{\Lambda_2}{I} = \frac{\mu_0}{2\pi}\ln\left(\frac{b}{a}\right)$$

$$\boxed{L' = L_1' + L_2' = \frac{\mu_0}{2\pi}\left\{\frac{1}{4} + \ln\left(\frac{b}{a}\right)\right\}}$$

Síðar verður spanið fyrir þetta kerfi reiknað út frá orkunni í segulflæðinu.

Segulorka

Ein straumlykkja, straumur aukinn frá $0 \rightarrow I_1$

Vitum að lykkjan vinnur á móti breytingunni með íspennu

$$v_1 = L_1 \frac{di_1}{dt}$$

Vinnan sem framkvæma þarf

$$W_1 = \int v_1 i_1\, dt = L_1 \int_0^{I_1} i_1\, di_1$$

$$= \frac{1}{2} L_1 I_1^2$$

fyrir N-lykkjur fæst

$$W_m = \frac{1}{2}\sum_{j=1}^{N}\sum_{k=1}^{N} L_{jk} I_j I_k$$

Athugum hvort hægt sé að tengja orkuna við segulflæðisviðið í stað straumsins um rásina

[Orkuna í þessu mætti hugsa í sviðinu eða hleðsluuppröðuninni]

Segulorka í sviði

Cheng sýnir að orkan í segulflæðisviði sé

$$W_m = \frac{1}{2}\int_{V'} \bar{H}\cdot\bar{B}\, dv'$$

og því sé segulorkuþéttleikinn

$$w_m = \frac{1}{2}\bar{H}\cdot\bar{B}$$

$$= \frac{B^2}{2\mu}$$

$$= \frac{1}{2}\mu H^2$$

Dæmi

Reiknum aftur L' fyrir samása kapal án þess að nota flæðistengslin Λ.



Í innri leiðaranum

$$W_{m1}' = \frac{1}{2\mu_0}\int_0^a B_{\phi 1}^2\, 2\pi r\, dr$$

$$= \frac{\mu_0 I^2}{4\pi a^4}\int_0^a r^3 dr = \frac{\mu_0 I^2}{16\pi}$$

---

milli leiðara

$$W_{m2}' = \frac{1}{2\mu_0}\int_a^b B_{\phi 2}^2\, 2\pi r\, dr$$

$$= \frac{\mu_0 I^2}{4\pi}\ln\left(\frac{b}{a}\right)$$

almennt gildir $W_m = \frac{1}{2} L I^2$

$$\rightarrow L' = \frac{2}{I^2}\left(W_{m1}' + W_{m2}'\right)$$

$$= \frac{\mu_0}{8\pi} + \frac{\mu_0}{2\pi}\ln\left(\frac{b}{a}\right)$$

Eins og áður, en á miklu einfaldari hátt.

Kraftar og vægi milli straumleiðara



Lorentz krafturinn (segulhlutinn)

$$\bar{F}_m = q\,\bar{u}\times\bar{B}$$

verkar á eindir í leiðara

$$d\bar{F}_m = -neS|d\bar{l}|\,\bar{u}\times\bar{B}$$

$$= -neS|\bar{u}|\,d\bar{l}\times\bar{B}$$

n: þéttleiki einda

$d\bar{l}$ samsíða $\bar{u}$

$$I = -neS|\bar{u}|$$

$$\rightarrow d\overline{F}_m = I\, d\overline{l} \times \overline{B}$$

Segulkrafturinn á lokaða rás C með straum í sviðinu B er

$$\overline{F}_m = I \oint_C d\overline{l} \times \overline{B}$$

Tvær lokaðar rásir



Kraftur á C_1 vegna segulsviðs frá C_2 er

$$\overline{F}_{21} = I_1 \oint_{C_1} d\overline{l}_1 \times \overline{B}_{21}$$

Þá er krafturinn milli rásanna

Biot-Savart

$$\overline{B}_{21} = \frac{\mu_0 I_2}{4\pi} \oint_{C_2} \frac{d\overline{l}_2 \times \hat{a}_{R21}}{R_{21}^2}$$

$$\overline{F}_{21} = \frac{\mu_0}{4\pi} I_1 I_2 \oint_{C_1} \oint_{C_2} \frac{d\overline{l}_1 \times (d\overline{l}_2 \times \hat{a}_{R21})}{R_{21}^2}$$

Í bók er sýnt að $\overline{F}_{21} = -\overline{F}_{12}$ eins og verður að vera

---

Dæmi



Samsíða straumvírar í x-y-sléttu

Kraftur á vír 2 á lengdareiningu vegna segulflæðisviðs við vír 2 frá straum I_1 í vír 1

$$\overline{F}_{12}' = I_2(\hat{a}_z \times \overline{B}_{12})$$

Ampère reglan gefur

$$\overline{B}_{12} = -\hat{a}_x \frac{\mu_0 I_1}{2\pi d} \longrightarrow \overline{F}_{12}' = -\hat{a}_y \frac{\mu_0 I_1 I_2}{2\pi d}$$

Kraftur í átt að hinum vírnum

Samsíða straumar → aðdráttarkraftur

Andsamsíða str. → fráhrindikraftur

Lykkja í föstu sviði

$\overline{B} = \overline{B}_\perp + \overline{B}_\parallel$ miðað við lykkju

$\overline{B}_\parallel$ reynir að snúa lykkju



$\overline{B}_\perp$ þenur lykkjuna út eða ýtir saman

$$d\overline{T} = \hat{a}_x 2\, (dF)\, b \sin\phi$$

$$= 2\hat{a}_x (I dl\, B_\parallel \sin\phi)\, b \sin\phi$$

$$= a_x\, 2Ib^2 B_\parallel \sin^2\phi\, d\phi$$

Ef $dF = |d\overline{F}_1| = |d\overline{F}_2|$

$|d\overline{l}_1| = |d\overline{l}_2| = b\,d\phi$

$$\overline{T} = \int d\overline{T} = \hat{a}_x 2Ib^2 B_\parallel \int_0^\pi \sin^2\phi\, d\phi$$

$$= \hat{a}_x I (\pi b^2) B_\parallel$$

Ef við skilgreinum segul-tvískautsvægið

$$\overline{m} = \hat{a}_n I(\pi b^2) = \hat{a}_n I S$$

Þá fæst

$$\boxed{T = \overline{m} \times \overline{B}}$$

$$\left(\text{Því } \overline{m} \times (\overline{B}_\perp + \overline{B}_\parallel) = \overline{m} \times \overline{B}_\parallel\right)$$

gildir aðeins í föstu einsleitu sviði

Kraftar reiknaðir út frá orkuvarðveislu

Fast flæði

Kerfi rása. Hvikun einnar rásar um $d\overline{l}$ leiðir ekki til flæðisbreytingar → engin orka flytur til rásanna

mekanísk vinna kerfisins

$$\overline{F}_\Phi \cdot d\overline{l} = -dW_m$$

$$= -(\overline{\nabla} W_m) \cdot d\overline{l}$$

minnkar orku þess

Dæmi — Rafsegull



aukin geil dy eykur orku kerfisins um dW_m (Φ er fasti)

$$dW_m = d(W_m)_{geil} = 2\left(\frac{B^2}{2\mu_0}S\,dy\right)$$

$$= \frac{\Phi^2}{\mu_0 S}dy$$

aðdráttarkraftur

$$\overline{F}_\Phi = \hat{a}_y (F_\Phi)_y = -\hat{a}_y \frac{\Phi^2}{\mu_0 S}$$

$$\left(\overline{F}_\Phi = -(\overline{\nabla} W_m)\cdot d\overline{l}\right)$$

---

fastir straumar

Í þessu tilfelli eru rásirnar tengdar við straumvaka sem vinna gegn íspennunni í kerfinu og leggja til orku.

$$dW_s = \sum_k I_k\, d\Phi_k$$

þessi orka er jöfn mekanísku vinnunni sem kerfið framkvæmir og viðbót í segulorku

$$dW_s = dW + dW_m$$

$$dW_m = \frac{1}{2}\sum_k I_k\, d\Phi_k = \frac{1}{2}dW_s$$

því fæst fyrir vinnu kerfis

$$dW = \overline{F}_I \cdot d\overline{l} = dW_m$$

$$= (\overline{\nabla} W_m)\cdot d\overline{l}$$

$$\rightarrow \boxed{\overline{F}_I = \overline{\nabla} W_m}$$

Endurreiknum seguldæmið

$$W_m = \frac{1}{2}LI^2$$

$$\Phi = \frac{NI}{\mathcal{R}_c + \frac{2y}{\mu_0 S}}$$

segulviðnám kjarna

geila

$$L = \frac{N\Phi}{I} = \frac{N^2}{\mathcal{R}_c + \frac{2y}{\mu_0 S}}$$

$$\overline{F}_I = \overline{\nabla} W_m = \frac{1}{2}\overline{\nabla}(LI^2)$$

$$= \hat{a}_y \frac{I^2}{2}\frac{dL}{dy} = -\hat{a}_y \frac{1}{\mu_0 S}\left(\frac{NI}{\mathcal{R}_c + \frac{2y}{\mu_0 S}}\right)^2 = -\hat{a}_y \frac{\Phi^2}{\mu_0 S}$$

Sama svar og áður fyrir kraftinn!

Kraftar frá víxlspani

Tvær lykkjur (spólur)

$$W_m = \frac{1}{2}L_1 I_1^2 + L_{12}I_1 I_2 + \frac{1}{2}L_2 I_2^2$$

fastur straumur

$$\boxed{\overline{F}_I = I_1 I_2 \overline{\nabla} L_{12}}$$



í spólu 2

$$\overline{A}_{12} = \hat{a}_\phi \frac{\mu_0 N_1 I_1 b_1^2}{4R^2}\sin\theta$$

$$= \hat{a}_\phi \frac{\mu_0 N_1 I_1 b_1^2}{4R^2}\left(\frac{b_2}{R}\right)$$

$$= \hat{a}_\phi \frac{\mu_0 N_1 I_1 b_1^2 b_2}{4(z^2+b_2^2)^{3/2}}$$

$$\Phi_{12} = \oint_{C_2} \overline{A}_{12}\cdot d\overline{l}_2$$

$$= \int_0^{2\pi} A_{12}\, b_2\, d\phi$$

$$= \hat{a}_\phi \frac{\mu_0 N_1 I_1 b_1^2 b_2^2 \pi}{2(z^2+b_2^2)^{3/2}}$$

$$L_{12} = \frac{N_2 \Phi_{12}}{I_1} = \frac{\mu_0 N_1 N_2 \pi b_1^2 b_2^2}{2(z^2 + b_2^2)^{3/2}}$$

$$\bar{F}_{12} = \hat{a}_z I_2 I_1 \frac{dL_{12}}{dz}\Big|_{z=d} = -\hat{a}_z I_1 I_2 \frac{3\mu_0 N_1 N_2 \pi b_1^2 b_2^2 d}{2(d^2 + b_2^2)^{5/2}}$$

$$\simeq -\hat{a}_z \frac{3\mu_0 m_1 m_2}{2\pi d^4} \qquad \text{ef } d >> b$$

ef

$$m_1 = N_1 I_1 \pi b_1^2 \qquad m_2 = N_2 I_2 \pi b_2^2$$

Tímaháð svið og jöfnur Maxwells

Í rafstöðufræði var

$$\bar{\nabla} \times \bar{E} = 0$$

notuð t.þ.a finna rafmætti V þ.a.

$$\bar{E} = -\bar{\nabla} V$$

því almennt gildir

$$\bar{\nabla} \times (\bar{\nabla} V) = 0$$

tilraunir á tímaháðum sviðum hefur leitt til endurbótar á jöfnunni

$$\boxed{\bar{\nabla} \times \bar{E} = -\frac{\partial}{\partial t} \bar{B}}$$

Rafsviðið er því ekki geymið þar sem segulflæði breytist með tíma. Þar er ekki til mættisfall fyrir $\bar{E}$

'A heildisformi fæst

$$\boxed{\oint_c \bar{E} \cdot d\bar{l} = -\int_s \frac{\partial \bar{B}}{\partial t} \cdot d\bar{s}} \qquad (*)$$

Almenn leið c og yfirborð s óháð leiðurum og rásum

Ef c er eftir rás má túlka

$$\oint_c \bar{E} \cdot d\bar{l} = V$$

sem íspennu rásarinnar vegna breytinga á segulflæðinu um s

$$\Phi = \int_s \bar{B} \cdot d\bar{s}$$

(*) verður þá

$$\boxed{V = -\frac{d\Phi}{dt}}$$

Lögmál Faradays

Íspennan í lokaðri rás (kyrri) er jöfn neikvæðri breytingu segulflæðisins um rásina

Lögmál Lenzs

Íspennan skapar straum sem veldur segulsviði til þess að viðhalda ytra segulsviðinu

↑ neikvæða formerkið

Spennubreytir

Athugum einfaldan spennubreyti

Örvar og spennur eiga hér við visst augnablik í tíma



Breytingin á Φ í seinni spólunni veldur íspenni í henni samkvæmt lögmáli Faradays

'Áður höfðum við um segulrásir

$$\sum_j N_j I_j = \sum_k \mathcal{R}_k \Phi_k$$

Lögmál Lenzs segir okkur að íspennan í spólu 2 vinni móti segulflæðinu frá spólu 1

$$N_1 i_1 - N_2 i_2 = \mathcal{R} \Phi$$

Heili einfaldi kjarninn getur

$$\mathcal{R} = \frac{l}{\mu S}$$

Kjör spennubreytir

$\mu \to \infty$

$$\to \boxed{\frac{i_1}{i_2} = \frac{N_2}{N_1}}$$

Faraday gefur

$$v_1 = N_1 \frac{d\Phi}{dt}$$

$$v_2 = N_2 \frac{d\Phi}{dt}$$

(Miðað við augnablikið [illegible] upp hér að framan)

$$\to \boxed{\frac{v_1}{v_2} = \frac{N_1}{N_2}}$$

Álagsviðnámið R_L leiðir til virks álags

$$(R_1)_{eff} = \frac{v_1}{i_1} = \frac{\left(\frac{N_1}{N_2}\right) v_2}{\left(\frac{N_2}{N_1}\right) i_2}$$

$$= \left(\frac{N_1}{N_2}\right)^2 R_L$$

fyrir sínus AC-gjafa fæst fyrir samviðnámið

$$\boxed{(Z_1)_{eff} = \left(\frac{N_1}{N_2}\right)^2 Z_L}$$

Raunspennir

$$N_1 i_1 - N_2 i_2 = \frac{l}{\mu S} \Phi$$

$$\to \begin{cases} \Lambda_1 = N_1 \Phi = \frac{\mu S}{l} \left(N_1^2 i_1 - N_1 N_2 i_2 \right) \\ \Lambda_2 = N_2 \Phi = \frac{\mu S}{l} \left(N_1 N_2 i_1 - N_2^2 i_2 \right) \end{cases}$$

$$v_1 = N_1 \frac{d\Phi}{dt} = L_1 \frac{di_1}{dt} - L_{12} \frac{di_2}{dt}$$

$$v_2 = N_2 \frac{d\Phi}{dt} = L_{12} \frac{di_1}{dt} - L_2 \frac{di_2}{dt}$$

með $L_1 = \frac{\mu S}{l} N_1^2$ $\quad L_{12} = \frac{\mu S}{l} N_1 N_2$

$L_2 = \frac{\mu S}{l} N_2^2$

Því sést að $\mu \to \infty$ áður er jafngilt $L_i \to \infty$

Ef ekkert flæði lekur

$$L_{12} = \sqrt{L_1 L_2}$$

annars

$$L_{12} = k\sqrt{L_1 L_2}, \quad k < 1$$

tengistuðull

Viðnám . . . . . . – .

Leiðari á hreyfingu í föstu segulsviði



fastur hraði $\overline{u}$ $\to$ Kraftur á hleðslur innan stangar

$$\overline{F}_m = q \overline{u} \times \overline{B}$$

Rafeindir færast að öðrum endanum

og valda spennu milli enda

Án ytri rásar verða þessir kraftar í jafnvægi

hreyfispennan er

$$V'_{21} = \int_1^2 (\overline{u} \times \overline{B}) \cdot dl$$

fyrir lokaða rás fæst

$$V' = \oint_C (\overline{u} \times \overline{B}) \cdot d\overline{l}$$

hreyfispennan í rásinni

Dæmi Faraday skífa



$$\overline{B} = \hat{a}_z B_o$$

$$V_o = \oint (\overline{u} \times \overline{B}) \cdot d\overline{l}$$

$$= \int_3^4 \left\{ (\hat{a}_\phi r\omega) \times \hat{a}_z B_o \right\} \cdot (\hat{a}_r dr)$$

$$= \omega B_o \int_b^0 r\,dr = -\frac{\omega B_o b^2}{2}$$

Hér er í raun sama hvar radial leiðið er valið að vera $(3 \to 4)$

Hvernig tengjast þessar tvær aðferðir til að finna V?

q hreyfist með $\bar{u}$ á svæði með $\bar{E}$ og $\bar{B}$

Á q verkar Lorentz-Kraftur

$$\bar{F} = q(\bar{E} + \bar{u} \times \bar{B})$$

Athugandi á q sér enga hreyfingu og álítur F á q vera vegna

$$\bar{E}' = \underbrace{\bar{E} + \bar{u} \times \bar{B}}$$

Því er íspennan í rás á hreyfingu vegna tveggja þátta

$$\boxed{\oint_C \bar{E}' \cdot d\bar{l} = -\int_S \frac{\partial \bar{B}}{\partial t} \cdot d\bar{s} + \oint_C (\bar{u} \times \bar{B}) \cdot d\bar{l}}$$

Almennt Lögmál Faradays

Athugum betur

Rás C hreyfist frá C_1 í t í C_2 á t+dt í $\bar{B}$



Milli C_1 og C_2 liggur flötur S_3

$$\frac{d\Phi}{dt} = \frac{d}{dt}\int_S \bar{B} \cdot d\bar{s}$$

$$= \lim_{\Delta t \to 0} \frac{1}{\Delta t}\left\{\int_{S_2} \bar{B}(t+\Delta t) \cdot d\bar{s}_2 - \int_{S_1} \bar{B}(t) \cdot ds_1\right\}$$

$$\bar{B}(t+\Delta t) = \bar{B}(t) + \frac{\partial}{\partial t}\bar{B}(t) \cdot \Delta t + \cdots$$

Því fæst

$$\frac{d}{dt}\int_S \bar{B} \cdot d\bar{s} = \int_S \frac{\partial}{\partial t}\bar{B} \cdot d\bar{s}$$

$$+ \lim_{\Delta t \to 0} \frac{1}{\Delta t}\left\{\int_{S_2} \bar{B} \cdot d\bar{s}_2 - \int_{S_1} \bar{B} \cdot d\bar{s}_1 + \cdots\right\}$$

$\bar{B} = \bar{B}(t)$ hér

---

notum nú að $\bar{\nabla} \cdot \bar{B} = 0$ og

div setningin kveður á um normal vigur út úr rúmmálinu

$$0 = \int_V \bar{\nabla} \cdot \bar{B}\, dv = \int_{S_2} \bar{B} \cdot d\bar{s}_2 - \int_{S_1} \bar{B} \cdot d\bar{s}_1 + \int_{S_3} \bar{B} \cdot d\bar{s}_3$$

$$d\bar{s}_3 = d\bar{l} \times \bar{u}\,\Delta t \quad , \quad \bar{B} \cdot (d\bar{l} \times \bar{u})\Delta t = d\bar{l} \cdot \bar{u} \times \bar{B}\ \Delta t$$

$$\rightarrow \int_{S_2} \bar{B} \cdot d\bar{s}_2 - \int_{S_1} \bar{B} \cdot d\bar{s}_1 = -\Delta t \oint_C (\bar{u} \times \bar{B}) \cdot d\bar{l}$$

eða í heild

$$\frac{d}{dt}\int_S \bar{B} \cdot d\bar{s} = \int_S \frac{\partial \bar{B}}{\partial t} \cdot d\bar{s} - \oint_C (\bar{u} \times \bar{B}) \cdot d\bar{l}$$

$$\rightarrow \boxed{V' = -\frac{d}{dt}\int_S \bar{B} \cdot d\bar{s} = -\frac{d\Phi}{dt}}$$

Lögmál Faradays gildir því bæði um rásir á hreyfingu eða kyrrstæðar

Skiptingin í hreyfi íspennu og íspennu er ekki einkvæm

Dæmi aftur skífa Faradays

Segulflæðið í gegnum sneiðina 2'342'

$$\Phi = \int_S \bar{B} \cdot d\bar{s} = B_0 \int_0^b r\,dr \int_0^{\omega t} d\phi = B_0(\omega t)\frac{b^2}{2}$$

$$\rightarrow V_0 = -\frac{d\Phi}{dt} = -\frac{\omega B_0 b^2}{2}$$

Sama og áður

Stærð sneiðar skipti ekki máli hér!

Jöfnur Maxwells

Höfum tengt $\bar{E}$ og $\bar{B}$ með

$$\bar{\nabla} \times \bar{E} = -\frac{\partial \bar{B}}{\partial t}$$

Jafnan $\bar{\nabla} \times \bar{H} = \bar{J}$ uppfyllir ekki varðveislu hleðslu

$$\bar{\nabla} \cdot (\bar{\nabla} \times \bar{H}) = 0 = \bar{\nabla} \cdot \bar{J}$$

En $\bar{\nabla} \cdot \bar{J} = 0$ gildir ekki almennt heldur

$$\frac{\partial}{\partial t}\rho + \bar{\nabla} \cdot \bar{J} = 0$$

því er bætt við lið

$$\bar{\nabla} \cdot (\bar{\nabla} \times \bar{H}) = 0 = \bar{\nabla} \cdot \bar{J} + \frac{\partial \rho}{\partial t}$$

$$\bar{\nabla} \cdot (\bar{\nabla} \times \bar{H}) = \bar{\nabla} \cdot \left(\bar{J} + \frac{\partial}{\partial t}\bar{D}\right)$$

eða

$$\bar{\nabla} \times \bar{H} = \bar{J} + \frac{\partial}{\partial t}\bar{D}$$

Tilraunir sýna að nú erum við komin með fullkomið safn jafna

$$\boxed{\begin{aligned} &\bar{\nabla} \times \bar{E} = -\frac{\partial \bar{B}}{\partial t}, \qquad &&\bar{\nabla} \times \bar{H} = \bar{J} + \frac{\partial}{\partial t}\bar{D} \\ &\bar{\nabla} \cdot \bar{D} = \rho, &&\bar{\nabla} \cdot \bar{B} = 0 \end{aligned}}$$

Jöfnur Maxwells

sem á heildisformi verða

$$\boxed{\begin{aligned} &\oint_C \bar{E} \cdot d\bar{l} = -\frac{d\Phi}{dt}, \qquad &&\oint_C \bar{H} \cdot d\bar{l} = I + \int_S \frac{\partial}{\partial t}\bar{D} \cdot d\bar{s} \\ &\oint_S \bar{D} \cdot d\bar{s} = Q &&\oint_S \bar{B} \cdot d\bar{s} = 0 \end{aligned}}$$

Mættisföll

Í segulstöðufræði var $\bar{\nabla} \cdot \bar{B} = 0$ notað t.þ.a. finna vigurmætti $\bar{B} = \bar{\nabla} \times \bar{A}$

þessi jafna er óbreytt fyrir tímaháð svið

$\longrightarrow$ Höldum $\bar{A}$ þ.a. $\bar{B} = \bar{\nabla} \times \bar{A}$

Athugum í Lögmáli Faradays

$$\bar{\nabla} \times \bar{E} = -\frac{\partial}{\partial t}\bar{B}$$

$$\rightarrow \bar{\nabla} \times \bar{E} = -\frac{\partial}{\partial t}(\bar{\nabla} \times \bar{A}) \rightarrow \bar{\nabla} \times \left(\bar{E} + \frac{\partial \bar{A}}{\partial t}\right) = 0$$

því er hægt að finna skalarmætti þ.a.

$$\bar{E} + \frac{\partial \bar{A}}{\partial t} = -\bar{\nabla} V$$

Við veljum V þannig til þess að fyrir tímaóháð svið fáist aftur $\bar{E} = -\bar{\nabla} V$

því fæst

$$\boxed{\bar{E} = -\bar{\nabla} V - \frac{\partial}{\partial t}\bar{A}}$$

því er tímaháð $\bar{E}$ ekki einungis vegna hleðslu í gegnum $-\bar{\nabla} V$ heldur einnig vegna breytilegs segulflæðis í gegnum $-\frac{\partial}{\partial t}\bar{A}$

því er ólíklegt að jöfnurnar

$$V = \frac{1}{4\pi\epsilon_0}\int_{V'} \frac{\rho}{R}\, dv' \quad \text{og} \quad \bar{A} = \frac{\mu_0}{4\pi}\int_{V'} \frac{\bar{J}}{R}\, dv'$$

haldi nema fyrir næstum tímaóháð svið

(þessi svið eru lausnir jöfnu Poissons, sem er óháð tíma)

Leitum því jafna fyrir $\bar{A}$ og V sem uppfylla jöfnur Maxwells

Byrjum með

$$\bar{\nabla}\times\bar{H} = \bar{J} + \frac{\partial}{\partial t}\bar{D}$$

Notum fyrst $\bar{H} = \frac{\bar{B}}{\mu}$ og $\bar{D} = \epsilon\bar{E}$

og gerum ráð fyrir einsleitu efni
μ og ε eru þá fastar

$$\longrightarrow \quad \bar{\nabla}\times\bar{B} = \mu\bar{J} + \mu\epsilon\frac{\partial}{\partial t}\bar{E}$$

Síðan líka $\bar{B} = \bar{\nabla}\times\bar{A}$ og $\bar{E} = -\bar{\nabla}V - \frac{\partial}{\partial t}\bar{A}$

$$\longrightarrow \quad \bar{\nabla}\times\bar{\nabla}\times\bar{A} = \mu\bar{J} + \mu\epsilon\frac{\partial}{\partial t}\left(-\bar{\nabla}V - \frac{\partial}{\partial t}\bar{A}\right)$$

Notum

$$\bar{\nabla}\times\bar{\nabla}\times\bar{A} = \bar{\nabla}(\bar{\nabla}\cdot\bar{A}) - \nabla^2\bar{A}$$

og fáum

$$\boxed{\bar{\nabla}(\bar{\nabla}\cdot\bar{A}) - \nabla^2\bar{A} = \mu\bar{J} - \bar{\nabla}\left(\mu\epsilon\frac{\partial V}{\partial t}\right) - \mu\epsilon\frac{\partial^2}{\partial t^2}\bar{A}} \quad (*)$$

Til þess að ákvarða vigur $\bar{A}$ þarf bæði að ákvarða $\bar{\nabla}\cdot\bar{A}$ og $\bar{\nabla}\times\bar{A}$ (Langs- og þverþátt $\bar{A}$)

Við höfum $\bar{B} = \bar{\nabla}\times\bar{A}$

Ákvörðum langsþáttinn sem

$$\boxed{\bar{\nabla}\cdot\bar{A} + \mu\epsilon\frac{\partial}{\partial t}V = 0}$$

Kvarðafrelsi....
Lorentz kvarði
margir aðrir möguleikar til

þá verður (*)

$$① \quad \boxed{\nabla^2\bar{A} - \mu\epsilon\frac{\partial^2}{\partial t^2}\bar{A} = -\mu\bar{J}}$$

Hliðruð bylgjujafna fyrir $\bar{A}$

Byrjum nú með

$$\bar{\nabla}\cdot\bar{D} = \rho \quad \text{og} \quad \bar{D} = \epsilon\bar{E}$$

og

$$\bar{E} = -\bar{\nabla}V - \frac{\partial\bar{A}}{\partial t}$$

$$\bar{\nabla}\cdot\bar{D} = \rho \;\rightarrow\; \epsilon\bar{\nabla}\cdot\bar{E} = \rho \;\rightarrow\; -\bar{\nabla}\cdot\epsilon\left(\bar{\nabla}V + \frac{\partial}{\partial t}\bar{A}\right) = \rho$$

$$\longrightarrow \nabla^2 V + \frac{\partial}{\partial t}(\bar{\nabla}\cdot\bar{A}) = -\frac{\rho}{\epsilon}$$

Notum nú Lorentz kvörðun $\bar{\nabla}\cdot\bar{A} = -\mu\epsilon\frac{\partial}{\partial t}V$

$$\longrightarrow \quad \boxed{\nabla^2 V - \mu\epsilon\frac{\partial^2}{\partial t^2}V = -\frac{\rho}{\epsilon}}$$

②

Hliðruð bylgjujafna fyrir V

Hliðraðar bylgjujöfnur ①+② ákvarða $\bar{A}$ og V

Frá jöfnum Maxwells má finna jaðarskilyrðin

$$\boxed{\begin{aligned} E_{1t} &= E_{2t} \\ \hat{a}_{n2}\times(\bar{H}_1 - \bar{H}_2) &= \bar{J}_s \end{aligned}}$$

$$\boxed{\begin{aligned} \hat{a}_{n2}\cdot(\bar{D}_1 - \bar{D}_2) &= \rho_s \\ B_{1n} &= B_{2n} \end{aligned}}$$

Ekki óháð skilyrði

jafngildar

jafngildar

Tveir rafsvarar með

$\rho_s = 0, \quad \bar{J}_s = 0$

Ekkert orkutap

$$E_{1t} = E_{2t} \rightarrow \frac{D_{1t}}{D_{2t}} = \frac{\epsilon_1}{\epsilon_2}$$

$$H_{1t} = H_{2t} \rightarrow \frac{B_{1t}}{B_{2t}} = \frac{\mu_1}{\mu_2}$$

$$D_{1n} = D_{2n} \rightarrow \epsilon_1 E_{1n} = \epsilon_2 E_{2n}$$

$$B_{1n} = B_{2n} \rightarrow \mu_1 H_{1n} = \mu_2 H_{2n}$$

Rafsvari ①	Kjörleiðari ②
$E_{1t} = 0$	$E_{2t} = 0$
$\hat{a}_{n2} \times \bar{H}_1 = \bar{J}_s$	$H_{2t} = 0$
$\hat{a}_{n2} \cdot \bar{D}_1 = \rho_s$	$D_{2n} = 0$
$B_{1n} = 0$	$B_{2n} = 0$

Lausnir bylgjujafna

Veljum punkt hleðslu $\rho(t)\Delta v'$ í mitt kúluhnitakerfi.

utan miðju gildir

$$\frac{1}{R^2}\frac{\partial}{\partial R}\left(R^2 \frac{\partial V}{\partial R}\right) - \mu\epsilon \frac{\partial^2 V}{\partial t^2} = 0$$

Rúmið er einsleitt, punkt hleðslan leiðir til kúlusamhverfu.

Engin átt er sérstæðari en önnur

með nýjum

$$V(R,t) = \frac{1}{R} U(R,t)$$

$$\frac{\partial^2 U}{\partial R^2} - \mu\epsilon \frac{\partial^2 U}{\partial t^2} = 0$$

Einvíð bylgjujafna

Almennu lausnirnar eru öll tvídiffranleg föll af $(t - R\sqrt{\mu\epsilon})$ eða $(t + R\sqrt{\mu\epsilon})$

Við sjáum rétt bráðum að eðlisfræðilega lausnin er

$$U(R,t) = f(t - R\sqrt{\mu\epsilon})$$

$$U(R+\Delta R, t+\Delta t) = f\left(t + \Delta t - (R+\Delta R)\sqrt{\mu\epsilon}\right) = f(t - R\sqrt{\epsilon\mu})$$

ef $\Delta t = \Delta R\sqrt{\mu\epsilon} = \Delta R / u$

$\rightarrow \Delta R = u \Delta t$

$u = \frac{1}{\sqrt{\epsilon\mu}}$ er útbreiðsluhraði bylgjunnar

Þrívíða jafnan hefur lausnina

$$V(R,t) = \frac{1}{R} f\left(t - \frac{R}{u}\right)$$

Hefði punkt hleðslan verið óháð tíma hefði fengist lausn

$$\Delta V(R) = \frac{\rho \Delta v'}{4\pi\epsilon R}$$

Samanburður við lausn bylgjujöfnunar gefur því

$$\Delta f\left(t - \frac{R}{u}\right) = \frac{\rho\left(t - \frac{R}{u}\right)\Delta v'}{4\pi\epsilon}$$

og almennu lausnirnar eru

$$\boxed{\begin{aligned} V(R,t) &= \frac{1}{4\pi\epsilon}\int_{V'} \frac{\rho\left(t - \frac{R}{u}\right)}{R}\, dv' \\ \bar{A}(R,t) &= \frac{\mu}{4\pi}\int_{V'} \frac{\bar{J}\left(t - \frac{R}{u}\right)}{R}\, dv' \end{aligned}}$$

Seinkuðu lausnir bylgjujafnanna í einsleitu rúmi (bylgja berst út eftir breytingu uppsprettu) Við hentum óeðlisfræðilegu flýttu lausnunum

Aðeins um kvarða

Við útleiðslu á bylgjujöfnunum

$$\nabla^2\bar{A} - \mu\epsilon\frac{\partial^2}{\partial t^2}\bar{A} = -\mu\bar{J}$$

$$\nabla^2 V - \mu\epsilon\frac{\partial^2}{\partial t^2}V = -\frac{\varrho}{\epsilon}$$

notuðum við Lorentz-kvarðann

$$\bar{\nabla}\cdot\bar{A} + \mu\epsilon\frac{\partial}{\partial t}V = 0$$

Enn er þó frelsi eftir, því breytingin

$$\bar{A} \to \bar{A} + \bar{\nabla}\Lambda$$

$$V \to V - \frac{\partial}{\partial t}\Lambda$$

með

$$\nabla^2\Lambda - \mu\epsilon\frac{\partial^2}{\partial t^2}\Lambda = 0$$

breytir ekki Lorentz-kvarðanum

Eins hefðum við getað valið Coulomb-kvarðann í stað Lorentz-kvarðans

$$\bar{\nabla}\cdot\bar{A} = 0$$

þá fengjust jöfnurnar

$$\boxed{\begin{aligned}\nabla^2 V &= -\frac{\varrho}{\epsilon}\\ \nabla^2\bar{A} - \mu\epsilon\frac{\partial^2}{\partial t^2}\bar{A} &= -\mu\bar{J} + \mu\epsilon\bar{\nabla}\frac{\partial V}{\partial t}\end{aligned}}$$

Poisson jafnan fyrir V!
Til viðbótar má finna að aðeins $\bar{J}_t$ skiptir máli í seinni jöfnunni.
og svið án seinkunar styttast út. Mikið notað. . .

Lotubundin svið í tíma

Maxwell jöfnurnar eru línulegar

→ Lotubundnar sveiflur í uppsprettum leiða til sviða með sömu lotu þegar stöðug ástönd eru stöðuð

→ fourier greining (raðir eða umformum) leyfir okkur að fjalla um almenna tímaþróun

tímahliðrunarsamhverfa

Notum fasora táknun.
Ef rafsvið er tímaháð með cos(ωt) þá verður notað

$$\bar{E}(\bar{x},t) = \Re\left[\bar{E}(\bar{x})e^{i\omega t}\right]$$

þ.s. $\bar{x} = (x,y,z)$ t.d.

því er greinilegt að $\frac{\partial}{\partial t}\bar{E}(\bar{x},t)$ mun verða táknað með $i\omega\bar{E}(\bar{x})$

þátturinn $e^{i\omega t}$ mun styttast út úr jöfnunum

Jöfnur Maxwells verða

$$\boxed{\begin{aligned}\bar{\nabla}\times\bar{E} &= -i\omega\mu\bar{H}\\ \bar{\nabla}\times\bar{H} &= \bar{J} + i\omega\epsilon\bar{E}\\ \bar{\nabla}\cdot\bar{E} = \frac{\varrho}{\epsilon}\ &,\quad \bar{\nabla}\cdot\bar{H} = 0\end{aligned}}$$

Bylgjujöfnurnar verða

$$\boxed{\begin{aligned}\nabla^2 V + k^2 V &= -\frac{\varrho}{\epsilon}\\ \nabla^2\bar{A} + k^2\bar{A} &= -\mu\bar{J}\\ k = \omega\sqrt{\mu\epsilon} &= \frac{\omega}{u}\end{aligned}}$$

Í einsleitu rúmi var lausnin áður

$$V(R,t) = \frac{1}{4\pi\epsilon}\int_{V'}\frac{\varrho(t-\frac{R}{u})}{R}dv'$$

Ef $\varrho(R,t) = \Re\left[\varrho(R)e^{i\omega t}\right]$

þá fæst fyrir seinkaða sviðið

$$\varrho(R,t-\tfrac{R}{u}) = \Re\left[\varrho(R)e^{i\omega(t-\frac{R}{u})}\right]$$

og þar sem $k = \frac{\omega}{u}$ fæst

$$\varrho(R,t-\tfrac{R}{u}) = \Re\left[\varrho(R)e^{i\omega t}e^{-ikR}\right]$$

því verða lausnirnar táknaðar með fasorum

$$\boxed{\begin{aligned}V(R) &= \frac{1}{4\pi\epsilon}\int_{V'}\frac{\varrho e^{-ikR}}{R}dv'\\ A(R) &= \frac{\mu}{4\pi\epsilon}\int_{V'}\frac{\bar{J}e^{-ikR}}{R}dv'\end{aligned}}$$

Hér er gott að muna að $R = |\bar{x}-\bar{x}'|$ þ.s. $\bar{x}$ er athugunar-punktur og $\bar{x}'$ er uppsprettu-punktur

Bylgjulengdin $\lambda = \frac{u}{f}$ getur verið mjög mism. m.v. R í okkar dæmum

$$k = \frac{2\pi f}{u} = \frac{2\pi}{\lambda}$$

Almennt er

$$e^{-ikR} = 1 - ikR + \frac{k^2R^2}{2} + \cdots\cdot$$

því fæst ef $kR \ll 1$

$$e^{-ikR} \approx 1$$

að fasor-lausnirnar líkjast tímaóháðu lausnunum

Langbylgju nálgun . . . .
eða
Nær-lausn . . . .

Sviðum án uppspretta

má lýsa með

$$\bar{\nabla}\times\bar{E} = -i\omega\mu\bar{H}$$

$$\bar{\nabla}\times\bar{H} = i\omega\epsilon\bar{E}$$

$$\bar{\nabla}\cdot\bar{E} = 0, \quad \underline{\bar{\nabla}\cdot\bar{H}} = 0$$

Athugum

$$\bar{E} = \frac{1}{i\omega\epsilon}\bar{\nabla}\times\bar{H}$$

notum í 1. jöfnunni

$$\bar{\nabla}\times\bar{E} = \frac{1}{i\omega\epsilon}\bar{\nabla}\times\bar{\nabla}\times\bar{H}$$

$$= -i\omega\mu\bar{H}$$

Eða

$$\frac{1}{i\omega\epsilon}\left\{\bar{\nabla}(\bar{\nabla}\cdot\bar{H})-\nabla^2 H\right\} = -i\omega\mu\bar{H}$$

$$-\nabla^2 H = \omega^2\epsilon\mu\bar{H}$$

eða

$$\boxed{\nabla^2\bar{H} + k^2\bar{H} = 0}$$

því $k = \omega\sqrt{\mu\epsilon}$

Á svipaðan hátt fæst

$$\boxed{\nabla^2\bar{E} + k^2\bar{E} = 0}$$

Óhliðraðar Helmholtz jöfnur fyrir vigursviðin $\bar{H}$ og $\bar{E}$

Skoðum aftur

$$\bar{\nabla}\times\bar{H} = \bar{J} + i\omega\epsilon\bar{E}$$

Ef einsleita efnið er leiðandi þá gildir

$$\bar{J} = \sigma\bar{E}$$

og jafnan verður

$$\bar{\nabla}\times\bar{H} = (\sigma + i\omega\epsilon)\bar{E}$$

$$= i\omega\left(\epsilon + \frac{\sigma}{i\omega}\right)\bar{E}$$

$$= i\omega\left(\epsilon - i\frac{\sigma}{\omega}\right)\bar{E}$$

$$= i\omega\,\epsilon_c\,\bar{E}$$

þar sem ϵ_c er tvinngildur rafsvörunarstuðull

$$\epsilon_c = \epsilon' - i\epsilon''$$

með

$$\epsilon' = \epsilon$$

$$\epsilon'' = \frac{\sigma}{\omega}$$

ϵ'' lýsir sveiflum úr fasa við uppsprettur. Úr fasa vegna viðnámskrafta, dofnunar...

orkutap
Taphornið δ_c er

$$\tan\delta_c = \frac{\epsilon''}{\epsilon'} \simeq \frac{\sigma}{\omega\epsilon}$$

Góður leiðari

$$\sigma \gg \underline{\omega\epsilon}$$

Góður einangrari

$$\omega\epsilon \gg \sigma$$

því getur leiðari verið góður við lága tíðni en leiðnin versnar við hækkandi tíðni

Almennt eru ϵ' og ϵ'' líka föll af ω

lesa sjálf um rafsegulrófið í enda 7. kafla

Skoða λ-skala og orkuskala

$hf = \hbar\omega$ og bera saman við $k_BT \approx 25$ meV fyrir herbergishita

---

Flatar bylgjur

Á svæði án hleðslu eða strauma fæst

$$\nabla^2\bar{E} + k_0^2\bar{E} = 0$$

og samskonar fyrir $\bar{H}$.

k_0 er bylgjutalan í tómarúmi

$$k_0 = \omega\sqrt{\mu_0\epsilon_0} = \frac{\omega}{c}$$

Í kartískum hnitum er jafnan

$$\left(\frac{\partial^2}{\partial x^2} + \frac{\partial^2}{\partial y^2} + \frac{\partial^2}{\partial z^2} + k_0^2\right)E_x = 0$$

fyrir hnitið E_x

Hugsum okkur bylgju með einsleitu E_x á sléttum þvert á z

$$\longrightarrow \frac{\partial^2}{\partial x^2}E_x = 0, \quad \frac{\partial^2}{\partial y^2}E_x = 0$$

og jafnan verður

$$\frac{d^2}{dz^2}E_x + k_0^2 E_x = 0$$

Lausnir

$$E_x(z) = \underset{\uparrow}{E_0^+}\, e^{-ik_0z} + \underset{\uparrow}{E_0^-}\, e^{ik_0z}$$

fastar, almennir

Athugum fasorinn

$$E_0^+ e^{-ik_0 z}$$

Hvað gefur hann í tíma

$$E_x^+(z,t) = \Re\left[E_x^+ e^{i(\omega t - k_0 z)}\right]$$

$$= E_0^+ \cos(\omega t - k_0 z)$$

Bylgja sem ferðast. Festum fasann

$$\omega t - k_0 z = \text{fastur fasi}$$

og köllum fasahraðann

$$u_p = \frac{dz}{dt} = \frac{\omega}{k_0} = \frac{1}{\sqrt{\mu_0 \epsilon_0}} = c$$

k_0 tengist λ_0

$$\boxed{\lambda_0 = \frac{2\pi}{k_0}}$$

Hinn fasorinn E_x^- gefur bylgju sem ferðast í $-z$-stefnu með sama fasahraða

Ef við þurfum aðeins bylgju í z-stefnu

$$E_0^- = 0$$

Með þessu rafsviði fylgir segulsvið

$$\bar{\nabla} \times \bar{E} = -i\omega\mu_0 \bar{H}$$

$$\bar{\nabla} \times \bar{E} = \begin{vmatrix} \hat{a}_x & \hat{a}_y & \hat{a}_z \\ \frac{\partial}{\partial x} & \frac{\partial}{\partial y} & \frac{\partial}{\partial z} \\ E_x^+(z) & 0 & 0 \end{vmatrix} = -i\omega\mu_0\left(\hat{a}_x H_x^+ + \hat{a}_y H_y^+ + \hat{a}_z H_z^+\right)$$

$$\rightarrow H_x^+ = 0$$

$$H_y^+ = \frac{1}{-i\omega\mu_0} \frac{\partial E_x^+(z)}{\partial z}$$

$$H_z^+ = 0$$

$$\rightarrow \frac{\partial E_x^+(z)}{\partial z} = \frac{\partial}{\partial z}\left(E_0^+ e^{-ik_0 z}\right)$$

$$= -ik_0 E_x^+(z)$$

$$\rightarrow H_y^+ = \frac{k_0}{\omega\mu_0} E_x^+(z)$$

$$= \frac{1}{\eta_0} E_x^+(z)$$

$$\eta_0 = \sqrt{\frac{\mu_0}{\epsilon_0}} \simeq 377\ \Omega$$

eigið samviðnám tómsins.

$\eta_0 \in \mathbb{R} \rightarrow \bar{E}$ og $\bar{B}$ hafa sama fasa

$$\bar{H}(z,t) = \hat{a}_y H_y^+(z,t)$$

$$= \hat{a}_y \Re\left[H_y^+(z) e^{i\omega t}\right]$$

$$= \hat{a}_y \frac{E_0^+}{\eta_0} \cos(\omega t - k_0 z)$$

$\bar{E}$ og $\bar{H}$ eru hornrétt og líka á útbreiðslustefnuna $\hat{a}_z$

Dopplerhrif





Bylgja frá T klukkan $t=0$ kemur til R kl. $t_1 = \frac{r_0}{c}$

bylgja kl. $t=\Delta t$ frá T' kemur til R kl.

$$t_2 = \Delta t + \frac{r'}{c}$$

$$= \Delta t + \frac{1}{c}\sqrt{r_0^2 + (u\Delta t)^2 - 2r_0(u\Delta t)\cos\theta}$$

